

Umsagnarbeiðni; frumvarp til laga um breytingar á kosningalögum

Við viljum byrja með að þakka eindregið fyrir beiðni um umsögn og hrósum við framtaki nefndarinnar við að ná í sem fjölbreyttustu skoðanir. Viljum við líka segja að við viljum og mælum með eindregið að lækka kosningaaldurs, þó við teljum æskilegast að aldurinn verði lækkaður niður í 16 ár, þá værum við og erum með því að lækka hann niður í 17 ár.

Við styðjum málefnið vegna nokkurra ástæðna, hin fyrsta er sú að einstaklingar byrja að borga skatt 16 ára og teljum við það sé hornsteinn líýðræðis samfélags að fólk sem borgi skatta fá að segja eitthvað um það, erum við annars ekkert betri heldur en alræði konungsveldisins fyrr á tímum, þar sem almenningur fékk ekkert um lög og skatti að segja. Má nefna sem dæmi um mikilvægi þess uppreisn nýlenda Breta í Norður Ameríku sem endaði í einum ef ekki fyrsta nútíma líýðræðisskipulagi í sögu mannkynsins.

Önnur er sú að við sem líýðræðislegt samfélag eigum að leyfa 16 ára að segja sína skoðun og hafa áhrif, þar sem 16 ára einstaklingar eru til dæmis nú þegar í grunnskólum sem lúta reglum frá Alþingi og sveitarstjórnnum, er þá spurningin af hverju fólk sem er búið með grunnskóla og þá hugsanlega vera búið með framhaldsskóla hefur bein áhrif á menntun þessa sömu 16 ára einstaklinga þegar þessir 16 ára einstaklingar sjálf fá það ekki, jafnvel þó að þau eru í skólakerfinu sjálfu. Er þetta bara eitt dæmi um allt það sem Alþingi og Sveitarstjórnir hafa áhrif á í hið daglega lífi 16 ára einstaklinga en má nefna vinnu og lög tengd því, samfélagsmál og svo en aftur skattmál sem dæmi.

En eins og það eru rök þá eru mótrök, viljum við koma með nokkra punkta á móti mótrökunum hér. Ein af vinsælustu mótrökunum er sú að 16 ára og þá 17 ára einstaklingar hafa ekki áhuga á stjórnsmál og þar af leiðandi að kjósa. Er okkar skoðun sú að það er bara náttúrulegt að þau hafa ekki áhuga því af hverju myndi maður hafa einhvern áhuga á því sem maður getur ekki gert, tölum við þá að með lækkun kosningaaldurs mun áhuginn koma sjálfkrafa með, þó vissulega mundi það taka tíma til að gerast. Tengjast þetta líka öðrun mótrökum er sú að 16 ára og 17 ára einstaklingar hafa hreint ekki viti til að kjósa. Þó vissulega mundu kannski ekki allir vita hvað þeir eiga að gera með sínum nýfengna rétti hvað þá hvað þeir eiga að kjósa. Tölum við að það sé einfaldlega fórn sem við þurfum að fremja með lækkun kosningaaldurs. Má líka segja að þetta sé alveg hið sama með þá sem hafa kosningarétt t.d. Í Alþingiskosningum árið 2021 var kjörsókn 80,1% og eru aflautst einhver sem kys flokk bara vegna þess að foreldrar þeirra kjósa hann eða bara af handahófi. En teljum við að það sé ekki okkar verk í líýðræðissamfélagi að velja og ákveða fyrir aðra hvort þeir hafa hæfnina eða vitið til að kjósa. Er þetta einmitt það sem gerir okkur að líýðræðissamfélagi það að við samþykktum að allir eru öðruvísi og hafa ólíkar skoðanir. Það að við treystum fólki til að taka þá ákvörðun sem þeim líður best með, jafnvel þó að við erum ósámmála þeim.

Viljum við að lokum segja að við teljum þetta ekki vera mál þar sem “fullorðnir eru settir á móti unglíngum” eða eitthvað annað. Heldur teljum við þetta snúast um, það að, eins og áður hefur verið nefnt, við treystum okkar nánustu. Og það að við fáum sem besta þekkingu og sem mest af ólíkum skoðunum til að leysa málin, því munum við bara leysa þau með að fá allar hliðar af teningnum og teljum við lækkun kosningaaldurs vera ein sú besta leiðin til þess. Því hvernig munum við geta leysa eitthvað t.d. Skólasmál, ef við, eins og í þessu dæmi, höfum ekki reynslu

og rödd, fullorðna, þau sem eru foreldrar og kennarar, og hin ungu, þau sem eru nemendur sjálfir. Þó frumvarpið verði ekki að lögum, þökkum við öllum sem komu að því og beiðninni, því erum við að gera hér, það sem gerir okkur að lýðræði, það að hlusta á þann sem er við hliðina á þér og ræða ólíka styrkleika og punkta. En erum við gjarnan til í að útskýra okkar hlið nánar hvort sem það mun vera gegnum fund eða annan hátt ef nefndin óskar eftir því.

Virðingarfyllst
Stjórnar Ungra Pírata